

29. október 2020

## Skólaráðsfundur Ártúnsskóla

Fundurinn að þessu sinni var í fjarbúnaði vegna covid 19. Ellen skólastjóri stýrði fundinum og hóf fundinn á því að segja frá framkvæmd skólalóðarinnar. Framkvæmdum er nánast lokið, búið er að opna stærsta hlutann af skólalóðinni en ennþá er afgirt við íþróttahús þar sem vatnslögn í hverfið liggur og hana þarf að færa til að ljúka framkvæmdum. Við fögnum því að loksins er skólalóðin að verða komin í betra form og nemendur hafa skemmtileg og vel búin leiksvæði til afnota.

Aðalfundur foreldrafélagsins hefur ekki verið haldinn sökum sóttvarna- og fjöldatakmarkana þannig að sama stjórn foreldrafélagsins situr enn sem og fulltrúar foreldra í skólaráði. Helga Snjólfisdóttir færir sig í að vera fulltrúi foreldra frá leikskóla og Lára Sigríður Lýðsdóttir færir sig yfir í að vera fulltrúi foreldra frá grunnskóla.

Ellen sagði frá því að talmeinafræðingar eru komnir til starfa á Þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts sem við fögnum mjög. Talmeinafræðingur kom í skólann í síðustu viku og skimaði nemendur í 1.bekk. Niðurstöður úr skimuninni eru ekki komnar.

Næst á dagskrá var starfsáætlun sem skólaráð hafði lesið yfir og samþykkt. Áætlunin var send inn í byrjun október og hefur verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði með nokkrum athugasemdum sem stjórnendur bæta úr og skila inn í vikunni. Foreldrum hrósað fyrir að lesa starfsáætlunina yfir með gagnrýnum huga.

Fulltrúar frá FUÁ, komu á fundinn og kynntu starf nemendafélagsins í vetur. Helga Katrín Grétarsdóttir og Aníta Máney Ólafsdóttir sáu um kynninguna. Erna Ýr Styrkárdsóttir námsráðgjafi hefur tekið við verkefni nemendafélagsins af aðstoðarskólastjóra.

Ellen fór yfir starfsmannamál í leikskólanum. Þar vantar nýjan sérkennslufulltrúa frá 1. desember. Starfið hefur verið auglýst. Svo er mönnun í leikskólanum ansi knöpp og það má ekkert út af bera og því hefur þurft að senda börn heim í haust vegna veikinda starfsmanna. Verið er að auglýsa eftir starfsfólki á leikskóladeildina.

Foreldraviðtöl í leikskóladeild fara fram með símafundum í nóvember. Foreldrar í skólaráði vildu koma því á framfæri að þeir voru ánægðir með fjarfundaform foreldraviðtalanna í grunnskóladeildinni í október. Þetta sparaði foreldrum tíma og gaf fleirum þátt á því að taka þátt og mæta. Foreldri gat verið í vinnu en samt tekið þátt í viðtali með barni sínu.

Foreldrafélagið hefur farið af stað í það að leita að styrkjum og tilboðum til þess að styrkja skólann við kaup á tónlistartækjabúnaði fyrir sal skólans sem og íþróttahúsið og við endurnýjun á svið skólans.

Foreldrar spurðu líka út í framhaldið varðandi takmarkanir á skólahaldi en því miður vitum við í skólanum ekkert meira en aðrir eins og staðan er en foreldrar verða upplýstir um framhaldið um leið og við vitum eitthvað meira.

Ellen endaði fundinn á því að segja frá hrekkjavökunni í skólanum á morgun föstudag 30. október og foreldrar voru glaðir með þátttöku skólans í verkefninu og kennurum skólans var hrósað, bæði af strjórnumendum skólans sem og foreldrum fyrir að taka verkefninu vel og leggja mikinn metnað í þátttökuna.

Fundarritari:

Guðrún Bára Gunnarsdóttir